



Kæri nemandi!

Skólabúðirnar á Úlfljótsvatni

2025-2026

Kæri nemandi,

Við hlökkum til að fá þig í skólabúðirnar á Úlfljótsvatni.

Til að auðvelda þér undirbúning fyrir ferðina höfum við sett saman smá upplýsingar fyrir þig. Vinsamlegast skoðaðu þær vel (helst með einhverjum fullorðnum líka) svo þú vitir hvað er best að koma með og á hverju þú mátt eiga von. Við sjáumst svo hress eftir nokkra daga!

Kveðja, starfsfólkið á Úlfljótsvatni

Um Úlfljótsvatn

- Á Úlfljótsvatni hafa verið skólabúðir í yfir 20 ár.
- Boðið er upp á fjölda dagskráratríða sem byggjast m.a. á náttúrufræði, íþróttum, lífsleikni og fjölmörgum öðrum greinum.
- Einkunnarorð Skólabúðanna eru: Leikur, útivist, gleði, vinátta, áskoranir.
- Á Úlfljótsvatni er stórt og vel búið almenningstjaldsvæði og þar eru líka sumarbúðir fyrir hressa krakka.
- Áhersla er lögð á að öllum líði vel. Hópnum er þjappað saman, til dæmis með hópefli og öðrum verkefnum sem efla samvinnu.
- Starfsfólk okkar hefur m.a. reynslu af kennslu í grunnskólum, útivist, skátastarfi og björgunarsveitarstarfi.

Útbúnaðarlisti

- | | |
|--|---|
| ☐ Svefnpoki (og koddí ef vill) | ☐ Gúmmístígvél eða vatnsvarðir skór (t.d. góðir gönguskór) |
| ☐ Handklæði | ☐ Tvennir ullarsokkar |
| ☐ Tannbursti, tannkrem, hárbursti o.þ.h. | ☐ Húfa og vettlingar |
| ☐ Vatns- og vindheldur fatnaður | ☐ Léttur innifatnaður, skyrti, bolur, buxur, jogging-galli eða þess háttar |
| ☐ Hlý peysa | ☐ Vasaljós (ef á) |
| ☐ Góðar útibuxur, t.d. flísbuxur eða æfingabuxur. Helst ekki gallabuxur (verða þungar og kaldar ef þær blotna). | ☐ Föt til skiptana (líka nærföt, ef allt blotnar) |
| ☐ Ullarnærföt eru góður kostur undir. | ☐ Góða skapið! |

Mikilvægt að muna

- Merkja allan fatnað.
- Ekki er í boði að taka með sér sælgæti, snakk eða gosdrykki. Ekki heldur síma, útlarp, iPod eða aðra tónlistarspilara.
- Engin ábyrgð er tekin á fjármunum nemenda, enda engin þörf fyrir þá.
- Ef nemandi er haldinn sjúkdómi eða kvilla, eða þarf að taka lyf reglulega, verður forráðamaður að gera bekkjarkennara grein fyrir því.
- Ef nemandi þarf sérstakt mataræði verður að láta vita af því tímanlega.